

13. júlí 2010

Sáttargerð vegna brots á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 8. febrúar 2010 gerðu Fjármálaeftirlitið og Exista hf. með sér sátt vegna brots félagsins á 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.).

Með sáttinni gekkst Exista hf. sem útgefandi skráðra fjármálagerna, við því að hafa brotið gegn 128. gr. vvl, með því að hafa ekki sett félög fjárhagslega tengd fruminnherjunum Ágústi Guðmundssyni og Lýði Guðmundssyni á lista yfir fjárhagslega tengda aðila.

Í 128. gr. vvl. er kveðið á um skyldu útgefanda til að senda Fjármálaeftirlitinu, í því formi sem eftirlitið ákveður, upplýsingar um fruminnherja, tímabundna innherja og aðila fjárhagslega tengda innherjum. Samkvæmt 6. tl. 1. mgr. 128. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti (vvl.) ber útgefanda að senda Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um nöfn aðila sem eru fjárhagslega tengdir innherjum.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 142. gr. vvl. og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 1.250.000,-.